



Reykjavíkurborg

Borgarstjórnin í Reykjavík

Reykjavík, 5. nóvember 2019

R19090305

Borgarráð

Svar við fyrirspurn borgarfulltrúa Flokks fólksins um notkun fjarfundarbúnaðar til að fækka utanlandsferðum

Á fundi borgarráðs þann 26. september sl. lagði áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Borgarfulltrúi Flokks fólksins óskar eftir upplýsingum um fjölda fjarfunda/streyma sem borgarfulltrúar, embættismenn, yfirmenn og starfsmenn miðlægrar stjórnsýslu hafa valið að sitja í stað þess að taka sér ferð á hendur til að sækja fundi/ráðstefnur/námskeið á erlendri grund. Það er brýnt að borgarmeirihlutinn setji það sem reglur hjá sér að ávallt skal leita leiða til að funda í gegnum fjarfundarbúnaði þegar taka á þátt í alþjóðafundum. Senda þarf til alþjóðasamfélagsins þau skilaboð að Reykjavíkurborg óski eftir slíkri þátttöku í stað þess að mæta á staðinn. Komi slík skilaboð frá Reykjavíkurborg má gera því skóna að boðið verði upp á þennan möguleika í flest öllum tilfellum. Fjarfundur á að verða meginreglan og flugferð erlendis á fund þá undantekningin. Hér verða kostnaðar- og mengunarsjónarmiðum að vera haldið til haga í mun meira mæli en gert hefur verið.

Svar:

Á hverjum virkum degi eru haldnir fjölmargir fundir hjá starfsfólki Reykjavíkurborgar. Margir af þeim fundum eru fjarfundir, bæði milli starfsstöðva hér á landi sem og milli landa og flestum stærri opnum fundum er streymt á netinu. Ekki eru teknar saman upplýsingar um fjölda þeirra funda þar sem notast er við fjarfundartækni og því ekki unnt að svara spurningunni með nánari hætti en að framan greinir.

Stefán Eiríksson

